



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands  
Bakka 1 765 Djúpavogi

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Djúpivogur, 3. júlí 2024  
MÍ202406-0016/ 6.08 / Þ.E.H.

## Efni: Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar - auglýsing, breyting fyrir Víkurbraut 1 og 5, Álaugarvegur 2 og Heppuvegur 5 og 7

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Sveitarfélagsins Hornafjarðar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um auglýsingu á breytingu aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir svæðið við Víkurbraut 1 og 5, Álaugarveg 2 og Heppuveg 5 og 7 (mál nr. 762/2023). Hægt var að hlaða niður auglýsingunni en hún er dags. 05.03.2023.

Sveitarstjórn leggur til að breyting sé gerð á gildandi aðalskipulagi sem felur í sér að miðsvæðið á Höfn (M1) stækkar til austurs sem nemur lóð Álaugarvegur 2 og athafnarsvæði minnkar í kjölfarið. Lega þjóðvegur breytist og þarf að fjarlægja mannvirki svo af því geti orðið. Markmiðið er að skapa heildstætt miðsvæði sem tengir saman atvinnusvæðin, íþróttamannvirkin, skólana og Hafnarbrautina við höfnina.

Gerð er breyting á þéttbýlisuppdrætti Höfn (Nesjahverfi) og greinargerð aðalskipulagsins. Á aðalskipulagsuppdrætti er athafnarsvæði AT1 minnkað en miðsvæðið M1 stækkað. Stækkunin nemur um 0.6ha. M1 stækkar og verður 15.5ha og AT1 minnkar að sama skapi. Lega stofnvega gegnum bæinn færir til vesturs.

Fjallað er um fornminjar og segir að þar séu engar þekktar fornminjar en skráning svæðisins var unnin árið 2020.

Umhverfisáhrif breytingarinnar eru talin óveruleg á minjar þar sem engar slíkar eru innan svæðisins.

### Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um skipulagslýsingu ofangreindrar breytingar með bréfi dags. 3. nóvember 2023.

Árið 2020 vann Menningarmiðstöð Hornafjarðar fornleifaskráningu fyrir hluta svæðisins sem hér er verið að gera breytingu innan. Menningarmiðstöðin hefur undanfarið unnið að heildarskráningu fornleifa innan þéttbýlisins á Höfn og samkvæmt upplýsingum frá þeim eru engar

**Puríður Elísa  
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

þekktar fornleifar innan svæðisins sem er austan við Víkurbraut og nær yfir deiliskipulag svæðisins sem er unnið samhliða þessari breytingu.

EFLA vann húsakönnun vegna húsa innan miðsvæðis Hafnar. Braggarnir sem standa við Víkurbraut 1 teljast þar hafa hátt menningargildi en þeir koma til með að þurfa að víkja vegna breytingar á þjóðvegi um svæðið. Í húsakönnuninni er hvatt til þess að vernda þessi hús með hverfisvernd.

*Minjastofnun Íslands bendir á ábendingu sína sem fram kemur í umsögn stofnunarinnar um deiliskipulagstillögu svæðisins varðandi Víkurbraut 1 þar sem hvatt er til þess að reyna að hlífa bröggunum við Víkurbraut 1. Rétt er að benda á að þær ábendingar eru aðeins ráðgjafandi enda falla húsin ekki undir lög um menningarminjar nr. 80/2012.*

*Minjastofnun Íslands gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 eins og hún hefur verið kynnt stofnuninni.*

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands